

FUNDARGERÐ

64. fundur stjórnar FUM, Félags um menntarannsóknir, haldinn þriðjudaginn, 31. mars 2009, kl. 15:00, í húsnæði HÍ, Bolholti 6, 3. hæð, Reykjavík.

Fundinn sátu: Steinunn Helga Lárusdóttir, formaður, Ingólfur Á. Jóhannesson, Meyvant Þórólfsson, Sigurlína Davíðsdóttir, Svanhildur Kr. Sverrisdóttir og Gerður G. Óskarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð nýja stjórn velkomna til starfa.

Tekið fyrir:

1. Verkaskipting stjórnar. Samþykkt að skipa Gerði G. Óskarsdóttur ritara stjórnarinnar, Svanhildi Sverrisdóttur gjaldkera og Meyvant Þórólfsson vefstjóra.
2. Fundartími stjórnar. Ákveðið að halda einn til tvo fundi nú í vor og miða við síðasta þriðjudag í mánuði, kl. 15:00. Þessi fundartími verður endurskoðaður í haust.
3. Skipun nýrrar ritnefndar tímarits FUM. Samþykkt að skipa Kristínu Aðalsteinsdóttur og Þórdísi Þórðardóttur í ritnefnd FUM í stað Hafðísar Ingvarsdóttur og Kristínar Jónsdóttur sem láta nú af setu í ritnefndinni.
4. Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um rannsóknardagatal. Formaður kynnti erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um rannsóknardagatal vegna rannsókna í grunnskólum sem hefði þann tilgang að kynna skólum hvaða rannsóknir væru á dagskrá hvert skólaár. Námsmatsstofnun mun halda utan um þessar upplýsingar. Beðið er um athugasemdir við bréf frá Sambandinu og Námsmatsstofnun sem sent verður til rannsóknarfólks á sviði menntamála. Efnið rætt og formanni falið að ganga frá svari.
5. Framkvæmdaáætlun næsta árs. Rætt um áherslur í starfinu, svo sem tengsl rannsakenda við skóla, námskeið, fræðslufundi, fyrirlestra, útgáfu tímaritsins, iðorðanefndina og ráðstefnu. Ákveðið að styrking rannsóknarsamfélagsins verði leiðarljós starfsins á starfsárinu.
6. FUM ráðstefna árið 2010. Samþykkt að halda ráðstefnuna í febrúar 2010 á laugardegi, kl. 10:00 til 15:00 eða þar um bil, í húsnæði HÍ við Stakkahlíð (laugardagurinn 27. febrúar kemur til greina).
7. Næsti fundur stjórnar ákveðinn þriðjudaginn 28. apríl, kl. 15:00, í Bolholti 6.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16.30.
G.G.Ó.